

Nefndasvið Alþingis
b.t. efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 11. apríl 2017

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lagaákvæðum um skatta, tolla og gjöld (samsköttun félaga, takmörkun á frádrætti vaxtagjalda, leigutekjur, virðisaukaskattur, vörugjald af grindarbílum o.fl.) (385. mál).

Vísad er til frumvarps til laga um breytingu á ýmsum lagaákvæðum um skatta, tolla og gjöld á þingskjali 515.

Frumvarpið er samtíningur af ýmsum tillögum að lagabreytingum úr ranni fjármála- og efnahagsráðuneytisins. Sumar þeirra eru aðallega tæknilegs eðlis og sér Félag atvinnurekenda (FA) ekki ástæðu til að taka afstöðu til þeirra allra að svo komnu máli.

FA telur hins vegar ástæðu til að gera athugasemd við 13. grein frumvarpsins, þar sem lagðar eru til breytingar á 172. grein tollalaga. Gert er ráð fyrir að gera þá breytingu að refsa megi innflytjendum voru fyrir ranga upplýsingagjöf af einföldu gáleysi, í stað stórfellds gáleyssis eins og nú segir í lögunum.

Í greinargerð frumvarpsins kemur fram að brot gegn ákvæðum 172. gr. tollalaga varði ekki refsingu nema þau hafi verið framin af ásetningi eða að lágmarki stórfelldu gáleysi og séu því gerðar strangari kröfur þegar um brot gegn fyrrgreindri grein tollalaga er að ræða en varðandi brot gegn ákvæðum tollalaga almennt.

„Reynsla tolyfirvalda hefur sýnt að nær ómögulegt er að sýna fram á ásetning eða stórfellt gáleysi brotamanns vegna verknaðar sem fellur undir verknaðarlýsingu 172. gr. tollalaga. Afar sjaldgæft er að ákæra sé gefin út í slíkum málum og í þeim tilvikum þegar er ákært er afar fátítt að hún leiði til sakfellingar. Í allnokkrum málum hafa meintir brotamenn verið sýknaðir af broti gegn ákvæðum 172. gr. tollalaga þrátt fyrir að upplýst hafi verið og jafnvel viðurkennt að réttar upplýsingar hafi ekki verið veittar. Varnaðaráhrif 172. gr. tollalaga eru því afar takmörkuð enda er áhætta innflytjenda af því að hljóta refsingu fyrir brot sín mjög lítil,“ segir í greinargerðinni.

Þar er dregin sú ályktun að nauðsynlegt sé að breyta ákvæði 172. gr. tollalaga þannig að brot gegn ákvæðum greinarinnar varði refsingu sé það framið af ásetningi eða gáleysi. „*Slik breyting mun auka verulega líkur á að réttar upplýsingar berist tolyfirvöldum við innflutning sem aftur ætti að leiða til réttari álagningar aðflutningsgjalda en ella,*“ segir í greinargerð ráðuneytisins.

Í hnottkurn má segja að verið sé að gera það refsivert sem hingað til hefur talist hafa átt sér stað „óvart“ eða fyrir einföld mistök. FA geldur varhug við slíkum áformum um að herða refsiákvæði tollalaga. Tollalöggjöfin er flókin og oft og tíðum ógegnsæ. Innflytjendur eru oft í miklum vandræðum með að ráða fram úr henni og dæmi eru um að jafnvel að fenginni ráðgjöf starfsmanna Tollstjóra eða

ráðuneytisins varðandi ákveðna framkvæmd verði það niðurstaðan löngu síðar að vara hafi verið rangt tollflokkuð og innflytjandi sé þá sakadur um að hafa veitt rangar upplýsingar. Í því samhengi má benda á að þetta vandamál er tvíbent enda ljóst að margsinnis hafa verið, fyrir mistök eða yfirsjón, innheimtir tollar sem með réttu átti ekki að innheimta.

Eins og efni frumvarps þessa sjálfs sýnir einnig – þar sem verið er að leiðréttu margs konar klúður og handvömm við setningu laga og reglna – eru mistök algeng við framkvæmd flókins regluverks. Leiðin til að tryggja að réttar upplýsingar berist er ekki að herða refsingar, heldur að tollayfirvöld leggi sig betur fram um að veita réttar upplýsingar og ráðgjöf við framkvæmd tollalaganna.

Að mati FA ættu breytingar á tollskrá um tvenn síðustu áramót, þar sem felldir voru niður allir tollar nema á tilteknum matvörum, að auðvelda tollayfirvöldum að einbeita sér að ráðgjöf og samstarfi við innflytjendur um rétta framkvæmd og góða upplýsingagjöf.

Til viðbótar verður að segjast að sú refsistefna sem mælt er fyrir í frumvarpinu er í andstöðu við þau hefðbundnu sjónarmið um skilning og umburðalyndi sem hingað til hafa einkennt okkar samfélag. Sú refsngleði sem þarna er mælt fyrir um á einfaldlega ekki við málefnaleg sjónarmið að styðjast og engar réttmætar ástæður eru fyrir að leiða hana í lög. Fólk gerir og mun gera einföld mistök í störfum sínum, hvar svo sem það kann að starfa. Það er óskilningsríkt, óbilgjarnt og ranglátt að til komi opinberar hegningar við slíku.

Félagið áskilur sér rétt til að koma á framfæri frekari athugasemdum og er jafnframt reiðubúið að funda um málið.

Virðingarfyllst,
Félag atvinnurekenda

Ólafur Stephensen, framkvæmdastjóri FA